

Kennsluáætlun skólaárið 2025-2026

Textíll í 8. bekk

Í textíl eru tvær, 55 mínútna kennslustundir á viku á móti myndmennt í 8. bekk. Bekknum er skipt upp í tvo hópa, fyrri hópurinn er frá skólabyrjun fram í miðjan janúar og sá síðari frá þeim tíma til skólaloka í júní.

Kennari er Harpa Hafliðadóttir.

Vinnulag:

Í kennslustundum er nemendur kynntir fyrir helstu viðfangsefnum textílkennslu og lögð áhersla á að vinna með ólíkan efnivið og elfa þau til sjálfstæðra vinnubragða. Nemendur kynnast helstu aðferðum greinarinnar, áhöldum og orðanotkun sem notuð eru í textíl. Með þessu er lögð áhersla á að nemendur öðlist þjálfun í að vinna með hug og hönd.

Vinnuáætlun:

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Nemendur læri;	Útsaumsefni	Nemandi getur;	☐ Leiðarbók/dagbók
Útsaumsspor	Orðanotkun	• beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar	☐ Útsaumsprufa
Skoða ólíkar garntegundir og litasamsetningar	Eigin sköpun	• beitt helstu útsaumsaðferðum við vinnu sína	☐ Útsaumsverkefni með frjálsum útsaumi
Að útfæra sínar eigin teikningar í útsaum	Útsaumsbækur og efni af netinu	• tekið mál fyrir sníðagerð	☐ Saumað buxur, peysu eða annað
Að taka mál	Máltaka	• lagt snið á efni og sniðið flík	☐ Verkefni að eigin vali
Á saumavél	Snið	• þrætt og spólað á saumavél og saumað saman efnishluta	
Að sníða efni og sauma buxur, peysa eða annað	Saumavél	• beitt grunnþáttum í textíl við eigin sköpun	
Orðanotkun í textíl		• umgegnist efni og áhöld í textílstofu á viðeigandi hátt	
Verkefni að eigin vali		• unnið sjálfstætt • unnið með öðrum	

Kennsluáætlun skólaárið 2025-2026

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Tveggja vikna ferð í Myndlistaskóla Reykjavíkur, eftir áramót			

Námsmat

Námsmat byggir á vinnusemi nemenda og framlagi í tímum. Vinnuferlið skiptir sköpun og sjálfstæði nemenda og þátttaka í tímum.

Með von um gott samstarf

Harpa